



Sjálfsmatsskýrsla - innra mat

Hrafnagilsskóli 2016 – 2017

Unnið að endurbótum eftir ytra mat Menntamálaráðuneytis



Mat á skólastarfi

Skýrsla í kjölfar umbótaáætlunar skólaárið 2016 – 2017

Í febrúar 2016 gerðu úttektaraðilar á vegum Menntamálastofnunar úttekt á starfsemi Hrafnagilsskóla í Eyjafjarðarsveit. Í úttektinni var einkum lögð áhersla á þrjá þætti skólastarfsins, þ.e. stjórnun, nám og kennslu og innra mat. Einnig fékk sveitarfélag og skóli að koma með ósk um fjórða lið úttektarinnar og varð skólabragur fyrir valinu.

Allir þættir í matinu komu vel út og mældust með meiri styrkleika en veikleika (ljósgrænt og dökkgrænt í yfirlitstöflu) fyrir utan einn þátt í innra mati skólans þar sem mældust einhverjir mikilvægir þættir sem þörfuðust úrbóta (litað gult í yfirlitstöflu). Enginn þáttur skólastarfsins uppfyllti ekki viðmið um gæðastarf og var metinn til mikilla umbótaþarfa.

Í umbótaráætlun eru tíunduð öll tækifæri til úrbóta og hvernig skólinn hugsar sé að mæta þessum tillögum.

Í þessari skýrslu er búið að bæta við dálki hægra megin við umbótaáætlun með mati um hvernig til tókst.

I hluti – Stjórnun

Tækifæri til úrbóta samkv. ytra mati.	Tímasetning	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Lokið	Hvernig metið?	Niðurstaða/ framhald
Hvetja foreldra til að nýta sér mentor m.a. til að fá upplýsingar um árangur nemenda í námi svo og kennsluáætlanir.	Skólaárið	Að gera markmið/ hæfniviðmið aðgengileg foreldrum í gegnum mentor.	Nýtt viðmót í mentor innleitt og gert aðgengilegt.	Kennarar og stjórnendur.	Vor 2017	Öll hæfniviðmið og kennsluáætlanir komnar inn á mentor.	Innleiðing á nýju viðmóti í mentor er langt komin. Veturinn 2017 – 2018 munu foreldrar finna mun og geta nýtt sér hugbúnað mentor betur.
Að stjórnendur fari reglulega í kennslustundir og gefi endurgjöf á þær.	Skólaárið	Að auka endurgjöf til kennara.	Að kennarar/ stjórnendur fari reglulega í kennslustundir og gefi endurgjöf á þær.	Kennarar og stjórnendur.	Vor 2017	Matslistar, gátlistar.	Skólastjórnendur byrjuðu á heimsóknunum inn til kennara. Mun verða gert enn markvissar 2017-18
Gera greinargott skipurit sem endurspeglar gildandi fyrirkomulag stjórnunar í skólanum.	Skólaárið	Að útbúa skipurit.	Að gera greinargott skipurit sem endurspeglar gildandi fyrirkomulag stjórnunar í skólanum.	Stjórnendur og sveitarstjóri.	Haut 2017	Birt í starfsáætlun.	Tilbúið, eftir að fá umfjöllun í skólanefnd og sveitastjórn. Sjá í viðhengi.

Skrá og birta á heimasíðu regluleg samskipti við önnur skólastig.	Skólaárið	Að gera verkferla sýnilega.	Að skrá og birta á heimasíðu regluleg samskipti við önnur skólastig.	Skólastjóri	Haust 2016	Birtist á heimasíðu.	Verður unnið meðfram skipulagi samstarfs skólastiga 2017 – 18. Birt á heimasíðu og í skólanámskrá.
Huga að því að fjölga starfsmannafundum til þess að auka enn frekar upplýsingastreymi og auka samráð og samstarf alls starfsfólks.	Skólaárið	Að auka upplýsingaflæði til allra starfsmanna.	Að hafa starfsmannafundi á starfsdögum. Funda sérstaklega með skólaliðum í hverjum mánuði.	Stjórnendur.	Haust 2016	Mat um upplýsingaflæði í starfsmannakönnun.	Veturinn 2016 – 2017 voru starfsmannafundir haldnir á öllum starfsdögum. Skólaliðar hafa nú vinnuskyldu á sömu dögum og kennarar í skólabyrjun á haustinn og fram á vorið. Það gefur möguleiki á að fjölga sameiginlegum starfsmannafundum.
Gera grein fyrir í símenntunaráætlun hvernig einstaklingar sækja sér símenntun.	Skólaárið	Að útbúa skráningarform þar sem hver kennari skráir sína endur/ símenntun ásamt endurmenntuninni á vegum skólans.	Farið yfir á starfsmannafundum í febrúar.	Stjórnendur	Vor 2017	Endurmenntun skráð.	Tilbúið fyrir veturinn 2017 – 2018.
Virkja alla hagsmunaaðila skólans í endurskoðun skólareglna, þ.m.t. nemendur og foreldra.	Skólaárið	Endurskoðun skólareglna.	Að virkja hagsmunaaðila skólans til að endurskoða almennar skólareglur þ.m.t. nemendur og foreldra.	Stjórnendur.	Vor 2017	Skólareglur samþykktar að nýju eftir endurskoðun.	Veturinn 2016 – 2017 fór vinnan af stað í skólaráði. Ekki náðist að klára endurskoðun og munu skólareglur verða endurskoðaðar haustið 2017.
Gera skólareglur sýnilegri.	Skólaárið	Gera skólareglur sýnilegri.	Hafa skólareglur á heimasíðu skólans og á göngum.	Stjórnendur.	Vor 2017	Birtar á heimasíðu og á göngum.	Þetta mun verða gert í kjölfar endurskoðunar haustið 2017.
Gera árlega áætlun um sérkennslu og stuðning.	Skólaárið.	Að gera árlega áætlun um sérkennslu og stuðning.	Áætlun til að vori þegar hugað er að mönnun og stundarskrágerð er í gangi. Endurskoðuð að hausti.	Stjórnendur og sérkennara-teymi.	Vor 2017	Áætlun tilbúin.	Áætlun tilbúin.

Vinna að og birta móttökuáætlun fyrir nemendur með sérstakar þarfir og þá sem hafa annað móðurmál en íslensku.	Skólaárið.	Móttökuáætlun fyrir nemendur með sérstakar þarfir.	Að vinna að og birta móttökuáætlun fyrir nemendur með sérstakar þarfir og þá sem hafa annað móðurmál en íslensku.	Sérkennarar og stjórnendur.	vor 2017	Birt í skólanámskrá.	Móttökuáætlun fyrir nýbúa er tilbúin. Sjá í viðhengi.
--	------------	--	---	-----------------------------	----------	----------------------	---

II hluti – Nám og kennsla

	Tímasetning	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Lokið	Hvernig metið?	Niðurstaða/ framhald
Birta námsvísa/námsáætlanir opinberlega sem hluta af skólanámskrá þannig að allir þættir hennar séu aðgengilegir foreldrum og nemendum. (Nám og kennsla, lífsleikni og sjálfsmýnd, aðlagað nám).	Skólaárið	Að námsvísar/ áætlanir allra námsgreina birtist í skólanámskrá.	Að námsáætlanir og framvinda í námi og kennslu sé sýnileg í skólanámskrá.	Samvinna stjórnenda og kennara.	Vor 2018	Birt í skólanámskrá haust 2018.	Vinna farin af stað. Stefnt að því að námsvísar verði til vorið 2018.
Leita leiða til að efla enn frekar árangur nemenda.	Skólaárið	Að leita leiða til að efla enn frekar árangur nemenda.	Rýna í gögn og skapa vettvang til umræðna meðal kennara og stjórnenda um þennan mikilvæga þátt.	Stjórnendur	Vor 2017	Aðgerðaráætlun tilbúin.	Unnið á stigum á kennarafundi. Sjá aðgerðaráætlun.
Tryggja að allir nemendur hafi val um verkefni og námsgreinar eins og viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir.	Skólaárið	Að tryggja að allir nemendur hafi val um verkefni og námsgreinar.	Huga að vali nemenda á öllum stigum. Auka val nemenda.	Stjórnendur og kennarar.	Vor 2017	Aðgerðaráætlun tilbúin.	Unnið á stigum á kennarafundi. Sjá aðgerðaráætlun.
Koma til móts við bráðgera nemendur með auknum tækifærum til að bæta við og dýpka nám sitt.	Skólaárið	Að skoða leiðir til að koma enn betur til móts við bráðgera nemendur.	Aukin tækifæri til að bæta við og dýpka nám sitt. Hagnýting ímyndurarafls. Hugsa út fyrir boxið.	Kennarar	Vor 2017	Aðgerðaráætlun/ hugmyndabanki tilbúinn.	Unnið á stigum á kennarafundi. Sjá aðgerðaráætlun.

Nauðsynlegt er að tryggja að ekki sé gengið á námstíma nemenda þegar þeir fara á milli íþrótta-/sundtíma og annarra tíma heldur sé gefið hæfilegt hlé á stundatöflu til að komast á milli.	Skólaárið	Að hafa það í huga við stundarskrár-gerð að nemendur komist á milli kennslurýma.	Bæði að stundaskrár séu hentugar öllum aldri t.d. sund og íþróttir hjá yngstu nemendum.	Stjórnendur	Vor 2017	Stundaskrá 2017 - 2018	Stundaskrá tilbúin.
Gefa meira rými fyrir markvissa samvinnu nemenda, umræður og skoðanaskipti í öllum námsgreinum.	Skólaárið	Að rýna í kennsluhætti og gefa aukið rými til samvinnu.	Unnið með kennurum á kennarafundum.	Stjórnendur og kennarar.	Vor 2017	Metið með nemendakönnunum.	Búið að ræða á kennarafundum. Metið vorið 2018.
Gefa nemendum með sérþarfir tækifæri til að setja sér markmið og vera með í ráðum við gerð einstaklingsnámskrár.	Vor 2017	Að auka ábyrgð nemenda á eigin námi.	Við gerð einstaklingsáætlana sé meira samráð haft við nemendur.	Sérkennarar og kennarar.	Vor 2017	Einstaklingsáætlanir.	Sérkennarar meðvitaðir. Eldri nemendur voru boðaðir með á teymisfundi vorið 2017.

III hluti – Innra mat

	Tímasetning	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Lokið	Hvernig metið?	Niðurstaða/ framhald
Skipa í matsteymi þar sem allir hagsmunaaðilar eiga fulltrúa.	Skólaárið	Að setja á fót matsteymi.	Fá fulltrúa starfsmanna og fulltrúa foreldra til að sitja í innramatsteymi.	Stjórnendur	Vor 2017	Matsteymi við skólann.	Verður gert haust 2017
Greina frá í skólanámskrá öllum helstu leiðum sem farnar eru í innra mati.	Skólaárið	Að bæta textann í skólanámskrá.	Bæta við leiðum í innra mati í skólanámskrá.	Skólastjóri.	Vor 2017	Skólanámskrá 2017 - 2018	Skólanámskrá 2017 - 2018
Gera langtímaáætlun (3-5 ár) í innra mati þar sem	Skólaárið	Að útbúa langtímaá-	Að gera áætlun um innra mat til 3-5 ára.	Skólastjóri	Vor 2017	Birt í skólanámskrá 2018	Skólanámskrá 2017 - 2018

kemur fram að allir helstu þættir í skólastarfi eru metnir reglulega.		ætlun um innra mat.	Hafa matsteymi með í ráðum.				
Skýrara væri að innramatsáætlun væri skráð sérstaklega en ekki hluti af umbótaáætlun skólans	Skólaárið	Hafa innramatsáætlun sér.	Setja innramatsáætlun í sér skýrslu.	Skólastjóri	Vor 2017	Skýrsla með innramatsáætlun.	Skólanámskrá 2017 - 2018
Skilgreina viðmið um þann árangur sem stefnt er að í innra mati þar sem það á við.	Skólaárið	Viðmið um árangur í innra mati.	Setja inn viðmið um árangur.	Skólastjóri	Vor 2018	Innramatsskýrsla tilbúin	Skólanámskrá 2017 - 2018
Birta árlega greinargerð um innra mat (umbótaáætlun og sjálfsmatsskýrslu) liðins skólaárs á heimasíðu.	Skólaárið	Að birta skýrslunar á heimasíðu.	Setja skýrslurnar á heimasíðu skólans.	Skólastjóri	Vor 2018	Birt í á heimasíðu haust 2018	

IV hluti – Skólabragur

	Tímasetning	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Lokið	Hvernig metið?	Niðurstaða/ framhald
Æskilegt er að birta í námsvísu áherslur skólans á lífsleikni og sterka sjálfsmynd.	Skólaárið	Hafa lífsleikni sýnilega í námsvísu.	Þegar vinna með námsvísa er unnin að hafa lífsleikni þar inni.	Kennarar og skólastjórnendur.	Vor 2018	Lífsleiknikennsla sýnileg í námsvísu.	Vinna farin af stað. Stefnt að því að námsvísar verði til vorið 2018.
Gera verkferla um viðbrögð þegar vísbendingar eru um að nemendur búi við ofbeldi.	Skólaárið	Að gera verkferla.	Að útbúa verkferla og hafa með starfsáætlun.	Skólastjóri	Haust 2017	Birtist í starfsáætlun.	Allt starfsfólk les handbók um ofbeldi gegn börnum. Fræðsla á starfsmannafundum, hluti af endurmenntun.
Koma á reglulegum nemendasamtölum.	Skólaárið	Að koma á reglulegum nemendasamtölum.	Gefa rými og skipuleggja með kennurum nemendasamtöl.	Stjórnendur og kennarar.	Vor 2017	Allir nemendur skólans hafa fengið samtal.	Unnið á stigum á kennarafundi. Sjá aðgerðaráætlun kennara.